

Fuglar í Stórurð og nágrenni, undir

Gleiðarhjalla á Ísafirði

Unnið fyrir Ísafjarðarbæ

Böðvar Þórisson

Desember 2011

NV nr. 18-11

Útdráttur

Fyrirhugað er að byggja ofanflóðavarnir undir Gleiðarhjalla á Ísafirði og er framkvæmdin matskyld. Vegna mats á umhverfisáhrifum þarf að fjalla um hugsanlega áhrif framkvæmdarinnar á fugla.

Athuganir hafa ekki verið gerðar áður á svæðinu en fuglar hafa þó verið skráðir í nágrenninu t.d. vegna snjóflóðavarna í Seljalandsdal og undir Kubbanum. Fuglalíf hefur einnig verið skráð á fjörusvæðum og á sjó inni í botni Skutulsfjarðar.

Athugunarsvæðið einkennist af skriðurunninni hlíð. Skógræktarreitur er í hlíðinni og báðum megin við hana eru tveir áberandi skriðuhryggir: Stakkaneshryggur og Stórurð. Svæðið er að mestu vel gróið en gróðurlitlir blettir eru inn á milli. Lúpína er nokkuð áberandi á svæðinu.

Fuglalífið var kannað lauslega í maí og júní 2011 en síðan með punkttalningu 30. júní 2011. Með punkttalningu fæst þéttleikamat á varpstofni svæðisins.

Samtals sáust átta tegundir (39 fuglar) í punkttalningunni. Þar af voru sex tegundir varpfuglar á svæðinu með 29 óðul. Þúfuttlingur var algengastur með þéttleika upp á 100 óðul/km². Tegundir sem sáust eru algengir varpfuglar á Vestfjörðum.

Framkvæmdin er á afmörkuðu svæði og er svæðið nú þegar nokkuð raskað. Framkvæmdin mun hafa tímabundin áhrif á fugla á meðan framkvæmdum stendur en þau áhrif verða væntanlega lítil.

Efnisyfirlit

Útdráttur	2
Efnisyfirlit	2
Inngangur	4
Rannsóknarsvæðið	4
Aðferðir	4
Niðurstöður	5
Umræður	5
Frankvæmdin og fuglar	6
Þakkir	6
Heimild	6

Inngangur

Fyrirhugað er að byggja ofanflóðavarnir undir Gleiðarhjalla á Ísafirði og er framkvæmdin matskyld. Vegna mats á umhverfisáhrifum þarf að fjalla um hugsanlega áhrif framkvæmdarinnar á fugla.

Athuganir hafa ekki verið gerðar áður á svæðinu en fuglar hafa þó verið skráðir í nágrenninu vegna snjóflóðavarna í Seljalandsdal (Þorleifur Eiríksson o.fl. 1998) og undir Kubbanum (Böðvar Þórisson 2005). Fuglalíf hefur einnig verið skráð á fjörusvæðum og á sjó inni í botni Skutulsfjarðar (Sigurður Ægisson 1993).

Rannsóknarsvæðið

Athugunarsvæðið einkennist af skriðurunninni hlíð. Skógræktarreitur er í hlíðinni og báðum megin við hana eru tveir áberandi skriðuhryggir: Stakkaneshryggur og Stóruð. Svæðið er að mestu vel gróið en gróðurlitlir blettir eru inn á milli. Lúpína er nokkuð áberandi á svæðinu (sjá frekari gróðurlýsingu í Hafdís Sturlaugsdóttir 2011).

Aðferðir

Fuglalífið var kannað í þremur vettvangsferðum. Í fyrstu tveimur ferðunum (30. maí og 24. júní 2011) var fuglalífið einungis kannað lauslega en í þriðju ferðinni (30. júní 2011, 7:30-9:45) var gert þéttleikamat á varpfuglum. Þéttleikinn var kannaður með punktatalningu (sjá t.d. Bibby o.fl 2000, Buckland o.fl. 2001). Í punktatalningu er lagt var út snið með nokkrum punktum, a.m.k. 300 m á milli hvers punkts (mynd 1). Á hverjum punkti voru allir fuglar skráðir sem sást/heyrdust innan fimm mínúta. Mæld var fjarlægð í hvern fugl með fjarlægðarkíkir (Leica LRF 1200 Scan). Í útreikningum er einungis notaðir varpfuglar á svæðinu. Við útreikningar var notað forritið Distance.



Mynd 1. Athugunarsvæðið. Gult=mörk framkvæmdarsvæðisins 1-10=talningarpunktar.

Niðurstöður

Þann 30. maí var gengið um það svæði sem fer undir varnirnar. Það sást stökkandarpar (*Anas platyrhynchos*) á litlum polli en parið flaug síðan í burtu af svæðinu. Þann 24. júní var gengið bæði fyrir neðan og ofan skógræktina og sást þá eitt tjaldspar með einn unga (punktur B á mynd 1). Þúfutittlingur, auðnutittlingur, hrossagaukur, skógarþröstur og steindepill sáust/heyrðust. Punkttafningin var framkvæmd 30. júní og sáust þá 39 fuglar af átta tegundum (sjá töflu 1). Eitt þúfutittlingshreiddur fannst (punktur A á mynd 1).

Tafla 1. Fjöldi fugla í punkttafningunni 30.06.2011.

Tegund	Latína	Fjöldi	Óðul	Skýring
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	3	1	Par með einn unga.
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	2	2	Varpfugl í mólendi.
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	1		Flaug yfir.
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	1		Gæti orpið á svæðinu.
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	5	5	Varpfugl í skóginum.
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	4	3	Varpfugl í Stóruð.
Auðnutittlingur	<i>Acanthis flammea</i>	7	4	Varpfugl í skóginum.
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	15	14	Varpfugl, víða.
Samtals		39	29	

Í útreikninga eru einungis teknir fuglar sem eru taldir hafa óðul t.d. syngjandi karlfugl.

Heildarþéttleiki samkvæmt Distance var 143 óðul/km², SE=48, öryggismörk=73-280. Þéttleiki þúfutittlings er 100 óðul/km², SE=47, öryggismörk=37-269.

Umræður

Samtals sáust átta tegundir í punkttafningunni og ein að auki fyrir um sumarið. Af þessum tegundum voru sex með óðul á svæðinu og ein (maríuerla) sem gæti orpið á svæðinu. Hrossagaukur, þúfutittlingur, steindepill og skógarþröstur eru allt algengar tegundir sem finnast í varpi í fjallshlíðum Skutulsfjarðar eða við byggð (sjá t.d. Böðvar Þórisson 2005; Þorleifur Eirísson o.fl 1998). Auðnutittlingur finnst inn í Tunguskógi í Tungudal og er líklega varpfugl þar. Eitt tjaldspar var í varpi á röskuðu svæði innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Óvenjulegt er að tjaldur verpi í fjallshlíð en hann er þó úrræðagóður með varpstaði t.d. orpið upp á steinum, staurum og grjóthleðslum. Tjaldur er tiltölulega algengur í botni Skutulsfjarðar og um 20-60 fuglar hafa vetursetu í firðinum (Náttúrustofa Vestfjarða óbirt gögn).

Þéttleiki þúfutittlinga (varpfugla) var svipaður og í birki og larki á Héraði fyrir austan (sjá Ólafur K. Nielsen 2002) eða um 100 óðul/km². Taka verður þó fram að punktarnir í þessari athugun voru fáir og athugunin fór fram í seinna lagi vegna veðurs um vorið og fyrri part sumars.

Ein tegund á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000) sást á svæðinu og var það hrafn. Hann sást á flugi en verpur ekki innan framkvæmdarsvæðisins.

Framkvæmdin og fuglar

Framkvæmdin er á afmörkuðu svæði og er það nú þegar nokkuð raskað. Framkvæmdin mun hafa tímabundin áhrif á fugla á meðan framkvæmdum stendur en þau áhrif verða væntanlega lítil.

Þakkir

Bastien Louboutin er þakkað fyrir athuganir á vettvangi.

Heimild

Bibby, C.J., Burgess, D.A. Hill og S.H. Mustoe 2000. Bird census techniques. Academic Press, London og New York.

Buckland, S.T., D.R. Anderson, K.P. Burnham, J.L. Laake, D.L. Borchers og L. Thomas. 2001. Introduction to Distance Sampling – Estimating abundance of biological population. Oxford University Press, Oxford.

Böðvar Þórisson. 2005. Fuglalíf í Kubbanum í Skutulsfirði. Unnið fyrir Ísafjarðarbæ v/umhverfismats á áhrifum snjóflóðavarna. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 13-05.

Hafdís Sturlaugsdóttir. 2011. Gróður undir Gleiðarhjalla í Skutulsfirði. Unnið fyrir Ísafjarðarbæ. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 19-11.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2000. Válisti 2: fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ólafur K. Nielsen. 2002. Skógvist: Mófuglar og skógfuglar á Héraði 2002. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Sigurður Ægisson. 1992. Fuglalíf í botni Skutulsfjarðar. Könnun gerð á tímabilinu 2. október 1991-30. september 1992. Skýrsla til Vegagerðarinnar á Ísafirði.

Þorleifur Eiríksson, Arnlín Óladóttir og Ragnar Edvardsson. Athuganir á fuglum, gróðri og fornminjum í Seljalandsdal. Skýrsla til Ísafjarðarbæjar v/frummats á umhverfisáhrifum snjóflóðagarðs. Náttúrustofa Vestfjarða.